

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness föstudaginn 17. nóvember 2006 í máli nr. S-864/2006:

### Ákærvaldið

*(Július Kristinn Magnússon fulltrúi)*

**gegn**

**Þresti Arnari Sigurvinnssyni**

*(Guðbjarni Eggertsson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 1. nóvember sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans í Keflavík 26. júlí 2006 gegn Þresti Arnari Sigurvinnssyni, kt. 000000-0000, Bergvegi 14, Keflavík, „ fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudags 1. janúar 2006 að Greniteigi 38, Keflavík, skallað Ellert Sævarsson, kt. 000000-0000, Suðurvöllum 4, Keflavík, með enninu í andlitið svo að brotnuðu í munni hans fjórar framtennur sem sködduðust illa samkvæmt vottorði tannlæknis auk þess sem neðri vör skarst mjög og var saumuð saman. Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.“

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu en til vara vægustu refsingar. Málsvarnarlauna er krafist.

## I.

Sunnudaginn 1. janúar 2006 kl. 03:19 barst lögreglunni í Keflavík boð um heimilisófrið að Greniteigi 38 í Keflavík. Lögreglan hélt á staðinn og ræddi við húsráðanda, Sigurvin Ægi Sigurvinnsson. Lögreglan sá á staðnum að eitthvað hafði gengið á því afturrúða bifreiðar, sem lagt hafið verið í innkeyrslu við húsið, var brotin og stórt gat var á millihurð fyrir innan útidyr. Í frumskýrslu lögreglu segir að Sigurvin hafi sagt son sinn, Vigni, hafi gengið berserksgang en hann væri farinn af staðnum. Þeir bræður, Vignir og ákærði Þröstur, hafi lent í átökum og Vignir, sem væri afar æstur, hafi farið á eftir ákærða sem hafi yfirgefið samkvæmið og væri á heimleið. Lögreglan hélt á eftir þeim bræðrum og ók að heimili ákærða við Bergveg 14 í Keflavík. Þar hittist ákærði fyrir utandyra og var hann með stóran skurð á enni sem blæddi úr. Þegar lögreglan var að ræða við ákærða kom Vignir gangandi og hrópuðu þeir bræður ókvæðisorð að hvor öðrum. Í frumskýrslu lögreglu segir að lögreglan hafi heyrt Vigni segja við ákærða að ákærði hefði ekki átt að skalla Ella og brjóta í honum tennur. Einn lögreglumanna ræddi við ákærða en tveir lögreglumenn færðu Vigni úr augsýn ákærða og ræddu við hann. Segir í

frumskýrslu lögreglu að Vignir hafi verið nokkuð æstur en róast er lögreglan ræddi við hann. Vignir sagði lögreglu að ákærði hafi skallað Ellert vin sinn og fjölmörg vitni hafi verið að því. Nefndi hann foreldra sína, konur þeirra bræðra og Kristínu frænku þeirra. Sá lögregluþjónn, sem ræddi við ákærða á staðnum, sagði að ákærði hafi gengist við því að hafa skallað Ellert en það hafi hann gert til að verja sig þar sem Vignir og Ellert hafi ráðist að ákærða. Þær upplýsingar bárust frá varðstofu til lögreglunnar á vettvangi að Ellert hefði komið á lögreglustöðina, alblóðugur í framan, og væri farinn á sjúkrahús þar sem læknir gerði að sárum hans. Vignir var beðinn um að yfirgefa staðinn og gerði hann það. Ákærði var hins vegar handtekinn vegna hinnar meintu líkamsárásar og færður á lögreglustöð.

Þá kemur fram í frumskýrslu lögreglunnar að kærandi, Ellert Sævarsson, hafi komið á varðstofuna umrædda nótt, blóðugur í andliti, ölvaður og æstur. Kvaðst hann hafi orðið fyrir líkamsárás er hann hafi reynt að ganga á milli þeirra bræðra Vignis og ákærða. Þá hafi ákærði skallað hann í andlitið og við það brotnað tennur og skurður komið á neðri vör. Lögreglan fór með Ellert á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja til aðhlynningar.

Í áverkavottorði segir meðal annars að Ellert hafi verið með stórt sár á neðri vör, þrjár tennur brotnar og ein laus. Skurðsár á vör hafi verið deyft og hreinsað og saumað með tólf sporum. Varðandi tannskaðann hafi Ellerti verið vísað til tannlæknis.

Í vottorði tannlæknis 10. mars 2006 segir meðal annars að fjórar tennur Ellerts hafi verið brotnar og illa skaddaðar. Sem bráðahjálp hafi lausar tennur verið festar og einni tönn ýtt upp. Sjúklingur hafi komið til tannlæknis frá janúar til mars í fimm skipti í rótfyllingu. Allar fjórar framtennurnar þurfi rótfyllingu og síðar krónur úr postulíni. Þetta sé alvarlegur áverki og meðferðartími langur. Ef til vill þurfi að setja implönt.

Þá liggur fyrir vottorð tannlæknis 25. janúar 2006 þar sem hann áætla tannlæknað 400.000 krónur. Þessi kostnaður sé áætlaður miðað við að unnt verði að setja postulínskrónur á fjórar tennur en þessi áætlun geti raskast ef einhver tannanna tapist því þá þurfi að setja tannplanta.

## II.

Kærandi, Ellert Sævarsson, mætti til rannsóknardeildar lögreglunnar í Keflavík 2. janúar 2006 til þess að kæra ákærða. Í skýrslu hans kemur fram að hann hafi verið heima hjá foreldrum félaga síns, Vignis Sigurvinssonar, eins og oft áður um áramót. Þarna á staðnum hafi einnig verið kærasta Vignis, Guðrún Bjarnadóttir, foreldrar bræðranna og kærasta Þrastar Arnar, Sólveig, og frænka bræðranna, Kristín Fjelsted. Þá hafi börn þessa fólks einnig verið á staðnum.

Ellert sagði að þeir bræður hafi farið að slást inn í stofu. Hann hafi þá verið inni í eldhúsi og ekki séð upphaf slagsmálanna eða aðdraganda þeirra. Er hann hafi komið inn í stofuna hafi hann séð föður þeirra bræðra, Sigurvin Ægi, vera að reyna að losa þá frá hvor öðrum. Hann hafi þá reynt að koma Sigurvini Ægi til aðstoðar og hafi þeir í sameiningu náð að stíra bræðrunum í sundur. Ellert kvaðst hafa náð að fara með ákærða afsíðis í stofunni. Sagðist hann ekki hafa komið við ákærða en reynt að róa hann með orðum og beðið hann að slappa af og róa sig niður. Skyndilega hafi ákærði skallað hann eða slegið beint í andlitið með þeim afleiðingum að tvær framtennur hafi brotnað, sprunga komið í aðra tönn og sú fjórða færst úr stað. Þá hafi efri vörin bólgnað og neðri vöri sprungið þannig að þurft hafi að sauma hana. Ellert taldi líklegra að hann hafi verið skallaður frekar en að ákærði hafi kýlt hann. Hann muni eftir því að hafa staðið fyrir framan ákærða og síðan muni hann aftur eftir sér við eldhúsvaskinn að þrifa blóð úr andlitinu. Ekki kannaðist Ellert við að hafa haldið ákærða heldur hafi hann tekið í ákærða til að færa hann frá Vigni. Síðan hafi hann sleppt honum og verið að ræða við hann þegar ákærði hafi skyndilega skallað hann. Þá kannaðist hann ekki við að hafa slegið ákærða. Hann sagði móður þeirra bræðra, Bergþóru V. Sigurjónsdóttur, líka hafa verið að ræða við ákærða er þetta hafi gerst. Það sé rangt sem ákærði haldi fram að hann hafi haldið ákærða meðan Vignir hafi látið högginn dynja á ákærða. Ellert hélt að allir fullorðnir á staðnum hafi verið vitni að þessu. Ellert sagðist hafi verið búinn að drekka áfengi um kvöldið en ekki það mikið að hann hafi verið ölvaður heldur aðeins fundið til áfengisáhrifa.

Ákærði var færður í fangageymslu um nóttina og kl. 16:00 daginn eftir var tekin af honum skýrsla. Honum var þá kynnt sakarefnið þar sem honum var gefið að sök að hafa skallað Ellert með enni sínu þannig að Ellert hafi hlotið talsverða áverka. Ákærða var kynnt að honum væri óskilt að svara spurningum er vörðuðu refsiverða háttsemi hans en brýnt var fyrir honum að skýra satt og rétt frá þeim atriðum sem hann vildi tjá sig um. Þá var ákærða kynntur réttur hans til að hafa verjanda viðstaddan skýrslutökuna. Hann óskaði eftir því og var haft samband við Guðbjarna Eggertsson hdl. sem kvaðst mundi koma og vera viðstaddur skýrslutökuna. Guðbjarni hafði síðan samband og sagðist ekki komast. Þá var ákærða gefin kostur á að hafa símsamband við verjanda sinn í einrúmi og gerði hann það. Að því símtali loknu sagðist ákærði vera reiðubúinn að gefa skýrslu hjá lögreglu. Skýrslan var tekin upp á mynddisk og hefur verið lögð fram í málinu. Ákærði var áminntur um að segja satt og rétt frá.

Ákærði sagði að komið hafi til ryskinga milli þeirra bræðra á heimili foreldra þeirra sl. nótt. Ellert hafi komið inn í þetta og haldið í hálsmál ákærða með báðum höndum og þannig haldið ákærða föstum. Á meðan hafi Vignir slegið ákærða nokkrum höggum með kreptum hnefa í höfuð. Aðspurður um hvort Ellert hafi haldið honum til að aðstoða Vigni við að lemja ákærða svarði ákærði því til að honum hafi frekar fundist að Ellert væri að reyna stöðva átökin milli þeirra bræðra. Þó sagðist ákærði ekki skilja hvers vegna Ellert hafi verið að skipta sér af ákærða þar sem Vignir hafi verið miklu æstari og brotið allt og bramlað heima hjá foreldrum þeirra. Ákærði kvaðst hafa lagt áherslu á að losna út úr þessu, þ.e.a.s. að það væri verið að berjja hann. Hann hafi sennilega skallað Ellert í andlitið. Ítrekað aðspurður kvaðst ákærði játa að hafa skallað Ellert í andlitið með enni sínu. Þetta hafi gerst hratt og hann sé ekki viss um hvar í andlitið höggið hafi komið. Eftir að hann hafi skallað Ellert hafi gripið um sig smá geðshræring enda mörg börn þarna

sem hafi horft upp á þetta. Eftir höggið hafi fossblætt úr enni ákærða. Aðspurður um hvort Ellert hafi slegið ákærða sagði ákærði að svo hafi ekki verið heldur hafi Ellert haldið ákærða meðan Vignir hafi kýlt ákærða. Þess vegna hafi hann litið svo á að Ellert hafi verið að taka þátt í árás Vignis á sig. Hann sagði þó að þetta hafi ekki verið bein árás Ellerts á ákærða heldur hafi hann líklega ekki ætlað að gera honum mein. Hann hafi hins vegar á þennan hátt tekið þátt í árás Vignis á sig.

Hjá lögreglu skorudust eftirfarandi undan því að bera vitni: Vignir Páll Sigurvinsson, bróðir ákærða, Bergþóra V. Sigurjónsdóttir, móðir ákærða, Sigurvin Ægir Sigurvinsson, faðir ákærða og Sólveig Lilja Ómarsdóttir, sambýliskona ákærða.

Þá liggur fyrir upplýsingaskýrsla lögreglu um að haft hafi verið samband við Guðrúnu Bjarnadóttur, sem var á þessum tíma í sambúð með Vigni Páli Sigurvinssyni. Er haft eftir Guðrúnu í upplýsingaskýrslunni að hún hafi verið í öðru herbergi í húsinu er átökin hafi brotist út og því ekki séð neitt.

Skýrsla var tekin af Kristínu Álfheiði Fjelsted hjá lögreglu. Hún kvaðst hafi verið í heimsókn hjá systur sinni, Bergþóru V. Sigurvinnsdóttur, að Greniteigi 38 í Keflavík umrædda nótt. Hún kvaðst hafi verið nýkomin á staðinn er þeir bræður hafi farið að rífast og þeim síðan lent saman. Þegar þetta hafi gerst hafi hún tekið öll börnin og farið með þau inn í herbergi. Hún hafi því ekki séð frekar hvað fram fór inn í stofu og ekki fylgst með slagsmálum þeirra bræðra.

### III.

Eftirfarandi vitni komu fyrir dóm og óskuðu eftir því að verða leyst undan vitnaskyldu, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1991: Vignir Páll Sigurvinsson, Bergþóra V. Sigurjónsdóttir, Sigurvin Ægir Sigurvinsson, og Sólveig Lilja Ómarsdóttir.

Ákærði sagði fyrir dómi að ósætti hafi komið upp milli þeirra bræðra sem hafi endað með handalögmálum. Þeir hafi unnið saman á þessum tíma og kergja komið upp milli þeirra. Nú hafi þeir jafnað þennan ágreining. Varðandi slagsmálin kvaðst ákærði ekki muna atburðarás vel. Hann kannaðist ekki við að hafa skallað Ellert eins og hann hafi játað hjá lögreglu. Allir hafi haldið að hann hafi gert það en svo hafi ekki verið. Ekki mundi hann hvort Ellert hafi ráðist að honum. Aðspurður um hvers vegna hann hafi játað hjá lögreglu að hafa skallað Ellert sagði ákærði að hann hafi verið í mikilli geðshræringu er hann hafi gefið skýrslu hjá lögreglu. Svo hafi hann einnig verið ölvaður. Ákærða var þá bent á að skýrslan hafi verið tekin kl. 16:00 daginn eftir svo það gæti varla staðist að hann hafi verið ölvaður þá. Ákærði sagðist þá hafi haft miklar áhyggjur af fjölskyldu sinni og því játað að hafa skallað Ellert til að komast sem fyrst heim. Aðspurður um hvort Ellert hafi haldið ákærða á meðan Vignir hafi verið að lemja hann sagði ákærði að hann muni ekki eftir því núna. Aðspurður um hvort hann hafi greitt Ellerti skaðabætur vegna tannlækisakostnaðs svaraði ákærði því til að hann hafi ekki gert samning við Ellert heldur hafi fjölskylda hans tekið að sér að greiða Ellerti kostnað vegna tannviðgerðar.

Kærandi Ellert Sævarsson sagði fyrir dómi að hann hafi gengið á milli bræðranna þegar þeir hafi verið byrjaðir að slást. Hann hafi fengið högg í andlitið og hafi haldið að ákærði hafi slegið hann enda einhver sagt það á staðnum. Eftir á geti hann hins vegar ekki verið viss um það. Sagði Ellert að hjá lögreglu hafi hann sagt það sem hann hafi þá talið vera réttast en nú sé hann ekki jafn viss og áður. Eina sem hann viti með vissu sé að hann hafi fengið högg í andlitið en viti ekki hvernig það hafi gerst. Hann segir fjölskylduna hafi greitt honum tannlækiskostnað vegna þess að fjölskyldunni hafi þótt það leiðinlegt að þetta skyldi gerast á heimili þeirra. Ellert var spurður um hvers vegna hann hafi sagt á lögreglustöðinni, er hann kom þangað um nóttina, blóðugur með brotnar tennur, að ákærði hafi skallað hann í andlitið. Ellert kvaðst ekki nú muna það að hann hafi farið á lögreglustöðina heldur hélt hann að hann hafi farið beint á sjúkrahús.

Lögreglumennirnir Grímur Thor Bollason, Guðmundur Árni Eyjólfsson og Guðmundur Þ. Tómasson gáfu skýrslu fyrir dómi. Þeir fóru á vettvang að Greniteigi 38, Keflavík og héldu síðan að heimili ákærða. Þeir skýrðu á sama veg frá og rakið er hér að framan í frumskýrslu lögreglu. Þeir hittu ákærða utandyra við heimili sitt og skömmu síðar kom Vignir á vettvang. Þeir bræður kölluðu ókvæðisorð til hvors annars. Grímur og Guðmundur Þ. sögðust hafa rætt við Vigni sem hafi verið nokkuð æstur. Vignir hafi kallað til ákærða að það hafi verið óþarfi að skalla Ellert og brjóta í honum tennur. Guðmundur Árni ræddi við ákærða á vettvangi og sagði að ákærði hafi sagt honum að Ellert og Vignir hafi ráðist að sér. Hann minnti að ákærði hafi sagt að hann hafi skallað Ellert í andlitið en það hafi verið gert í sjálfsvörn vegna árásar Ellerts og Vignis.

Ægir Guðlaugsson, lögreglumaður, var á næturvakt umrædda nótt og var staddur á lögregluvarðstofunni. Hann sagði Ellert hafa komið um klukkan þrjú um nóttina og verið æstur og blóðugur í framan. Hann hafi viljað leggja fram kæru vegna þess sem gerst hafði á Greniteig 38. Ellert hafi sagt Ægi að til átaka hafi komið milli tveggja aðila og hafi hann reynt að ganga á milli en þá hafi ákærði skallað hann í andlitið með þeim afleiðingum að framtennur hafi brotnað. Ellerti hafi verið ekið á sjúkrahús til aðhlynningar.

#### IV.

Bræðurnir Vignir Páll Sigurvinsson og ákærði voru í heimsókn hjá foreldrum sínum á gamlárskvöld árið 2005 ásamt sambýliskonum sínum og börnum. Í heimsókn var einnig vinur Vignis, Ellert Sævarsson, kærandi málsins. Þeir bræður urðu ósáttir og fóru að slást. Faðir þeirra reyndi að stilla til friðar og stía þeim í sundur. Kærandi kom honum til hjálpar en hlaut við það högg á andlit með þeim afleiðingum að tvær framtennur brotnuðu og tvær losnuðu. Sauma þurfti neðri vör kæranda með tólf sporum.

Eins og að framan er rakið breyttist framburður ákærða og kæranda mjög fyrir dómi. Í kæru sinni hjá lögreglu sagði kærandi að ákærði hefði skallað sig og viðurkenndi ákærði það hjá lögreglu en sagði að það hafi hann gert þar sem honum hafi fundist kærandi vera að aðstoða Vigni. Fyrir dómi drógu þeir þennan framburð til baka.

Í málinu liggur fyrir og telst sannað að kærandi hringdi í lögreglu og tilkynnti að hann hefði orðið fyrir líkamsárás. Lögreglumenn fóru á vettvang en fundu ekki kærandann. Lögreglumenn fóru þá á heimili ákærða þar sem þeir hittu hann utan dyra og skömmu síðar kom bróðir hans Vignir á vettvang í æstu skapi. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu og skýrslu þriggja lögreglumanna hér fyrir dómi, sem rakin er hér að framan, hrópaði Vignir að ákærða að hann hefði ekki átt að skalla kæranda og brjóta í honum tennurnar. Tveir lögreglumenn róuðu Vigni og fengu hann til þess að fara til síns heima. Einn lögreglumaður talaði við ákærða á staðnum sem sagðist hafa skallað kæranda en það hafi hann gert í sjálfsvörn. Þegar ákærði var handtekinn var hann með sár á enni sem blæddi úr.

Kærandi fór hins vegar á lögreglustöðina og vildi kæra atburðinn. Sagði hann lögreglumanni á vakt að ákærði hafi skallað hann þegar hann hafi verið að reyna skilja þá bræður í sundur. Viðkomandi lögreglumaður kom fyrir dóm og staðfesti þessa skýrslu sína. Síðan ók lögreglan kæranda á sjúkrahús til aðhlyningar. Fyrir dómi kannaðist kærandi ekki við þessa heimsókn sína á lögregluvarðstofuna.

Kærandi gaf lögregluskýrslu 2. janúar 2006. Lýsir hann þar með skýrum hætti hvernig það atvikaðist að ákærði skallaði hann. Hér fyrir dómi hefur kærandi viljað draga úr framburði sínum hjá lögreglu. Segist hann nú ekki vera viss um hver hafi slegið hann eða skallað. Hjá lögreglu hafi hann talið að það hefði verið ákærði en eftir á að hyggja sé hann ekki viss. Kærandi gat enga aðra skýringu gefið á þessum breytta framburði sínum eins og t.d. hvað hann teldi þá að hefði komið fyrir eða hvort einhver annar hafi slegið hann eða skallað. Þá mundi kærandi ekki eftir komu sinni á lögreglustöð umrædda nýársnótt.

Í skýrslu sinni hjá lögreglu, sem tekin var kl. 16:00 á nýársdag, viðurkenndi ákærði að hafa skallað kæranda en sagði að það hafi hann gert vegna þess að kærandi hafi haldið honum á meðan Vignir hafi verið að lemja ákærða. Þó sagði hann hjá lögreglu að hann teldi að kærandi hafi fyrst og fremst verið að reyna að stilla til friðar. Fyrir dómi dró ákærði þennan framburð til baka og sagðist ekki hafa skallað kæranda. Hann kvaðst nú ekki vita hvað hafi gerst. Engin trúverðug skýring kom fram á því hver hafi verið orsök meiðsla kæranda og af hverju ákærði hafi verið með blæðandi sár á enni. Þá taldi ákærði það rangt sem hann hafi sagt hjá lögreglu að kærandi hafi að einhverju leyti ráðist að ákærða eða haldið honum.

Eins og framan er rakið hafa aðrir fjölskyldumeðlimir nýtt sér rétt sinn til þess að skorast undan að bera vitni í samræmi við ákvæði 1. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Að mati dómsins stenst sú skýring ákærða ekki að hann hafi játað á sig verknaðinn hjá lögreglu til þess að sleppa úr haldi hennar eða vegna þess að hann hafi verið ölvaður og í geðshræringu en þessu hélt hann fram í skýrslu sinni fyrir dómi er hann breytti fyrra framburði. Líta verður til þess að ákærða var hjá lögreglu kynntur réttur hans til þess að neita að svara spurningum lögreglu og hann fékk tækifæri til þess að ráðfæra sig við lögmann sinn áður en hann gaf skýrslu. Hann var og áminntur um að segja satt og rétt frá. Þegar framburðir aðila hjá lögreglu og fyrir dómi eru metnir í heild og ennfremur höfð hliðsjón af öðrum sönnunargögnum, eins og frumskýrslu lögreglu, framburði lögreglumanna hér fyrir dómi og sári því er ákærði hlaut á enni, þykir afturhvarf ákærða og kæranda frá fyrra framburði

ótrúverðugt. Þessum breytta framburði er því hafnað og við það miðað að ákærði hafi valdið þeim áverka er lýst er í ákæru. Háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er fæddur 1975. Frá árinu 1996 hefur hann 10 sinnum hlotið refsingu fyrir umferðarlagabrot og hegningarlagabrot. Hann hefur 3 sinnum hlotið dóm fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, einu sinni á árinu 1996 og tvisvar á árinu 1998. Hér koma einkum til skoðunar 3 dómar er ákærði hlaut á árinu 2003. Þann 26. mars 2003 hlaut ákærði 2 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga fyrir að kinnbeinsbrjóta mann. Þann 5. júní 2003 fékk ákærði 4 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot gegn 248. gr. almennrar hegningarlaga. Loks hlaut ákærði 10 mánaða skilorðsbundið fangelsi með dómi 21. október 2003 en þá voru fyrri tveir skilorðsbundnu dómarnir dæmdir upp. Ákærði var þá dæmdur fyrir tilefnislausu árás á mann á veitingarhúsi með þeim afleiðingum að hann kjálkabrotnaði. Í þeim dómi segir að dómurinn sé skilorðsbundinn „... í trausti þess að ákærði hafi loks öðlast nýja sín á tilveruna og haldi sig héðan í frá frá þeirri braut, sem hann nú er á ....“

Taka verður þennan síðast greinda dóm upp samkvæmt reglum 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1995 og fella hina skilorðsbundnu 10 mánaða refsingu inn í refsingu þá sem ákærða verður nú gerð. Þannig ákveðin þykir refsing ákærða hæfileg 12 mánaða fangelsi. Engin skilyrði eru til að skilorðsbinda refsinguna þar sem ákærði er að rjúfa skilorð í þriðja sinn.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar sem er 16.500 krónur vegna læknisvottorða svo og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðbjarna Eggertssonar hdl., 100.000 krónur, eða samtals 116.500 krónur.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

## DÓMSORÐ

Ákærði, Þröstur Arnar Sigurvinsson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað að fjárhæð 116.500 krónur þar með talin 100.000 króna þóknun skipaðs verjanda síns, Guðbjarna Eggertssonar hdl.

Gunnar Aðalsteinsson

Rétt endurrit staðfestir.

Héraðsdómur Reykjaness 17.11.2006.

